



Fundargerð

**53. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Þriðjudaginn 5. maí 2026, kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir, Valtýr Valtýsson og Guðmundur Einarsson.

Fundargerð ritaði: Guðmundur Einarsson, skrifstofustjóri.

Nanna Jónsdóttir sat fundinn í fjarfundakerfi Teams.

1. Fundargerð 323. fundar skipulagsnefndar UTU - 2604026

Lögð fram fundargerð 323. fundar skipulagsnefndar UTU, ásamt afgreiðslum byggingafulltrúa númer 247 og 248.

Mál nr. 1; Hrauneyjafossvirkjun og Sigöldustöð, Holtamannafrétti L221893; Endurnýjun ljósleiðara; Framkvæmdarleyfi - 2604020.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Hrauneyjafosstöðvar og Sigöldustöðvar í Ásahreppi. Í framkvæmdinni felst endurnýjun ljósleiðara á milli þessara tveggja stöðva.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 2; Lindarbær 1A L165304; Skilgreining svæðis; Byggingarreitir og aðkoma; Deiliskipulag - 2603077.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Lindarbæjar 1A L165304 í Ásahreppi. Deiliskipulagið tekur til 3,76 ha afmörkunar á 15 ha spildu undir 3 byggingarreiti fyrir bílskúr við eldra íbúðarhús, nýtt íbúðarhús og bílskúr, gestahús og skemmu/fjárhús/hesthús/reiðhöll með sambyggt gróðurhús. Skipulagssvæðið tekur yfir 3 byggingarreiti og aðkomu að svæðinu. Innan byggingarreita skikans er heimilt að byggja allt að 2000 m² í samræmi við byggingarheimildir á landbúnaðarlandi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að deiliskipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Jafnframt er málið grenndarkynnt innan deiliskipulagssvæðisins.

Mál nr. 3; Þjóðólfshagi 1. br á Aðalskipulagi Rangárþings; Umsagnarbeiðni - 2603080.

Lögð er fram til umsagnar aðalskipulagsbreyting sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Svæðið sem breytingin nær til er í landi Þjóðólfshaga 1 (L165164). Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en breyta á 6,4 ha svæði í verslunar- og þjónustusvæði sem ætlað er undir ferðaþjónustu.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn og vísar málinu til kynningar og umsagnar sveitarstjórnar Ásahrepps.

Mál nr. 31; Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 27.03.2026 - 26-247 - 2603003F.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HHT', 'Kfr.', 'EJ', 'KI', and 'AG'.

Lögð er fram afgreiðslur byggingarfulltrúa, nr. 26-247, dags. 27.03.2026.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 08.04.2026 - 26-248 - 2603005F
Lögð er fram afgreiðslur byggingarfulltrúa, nr. 26-248, dags. 08.04.2026.

2. Fundargerð 324. fundar skipulagsnefndar UTU - 2604029

Lögð fram fundargerð 324. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 249. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Sjónarhóll L198871; Byggingarreitur stækkaður og skýring; Deiliskipulagsbreyting - 2604061.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Sjónarhóls L198871 í Ásahrepp. Breytingin hér felst í því að byggingarreitur - B1 stækkar og heimildir innan hans skýrðar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 22.04.2026 - 26-249 - 2604001F.
Lögð er fram afgreiðsla byggingarfulltrúa, nr. 26-249, dags. 22.04.2026.

3. Fundargerð 49. fundar Odda bs. - 2604024

Lögð fram fundargerð 49. fundar Odda bs., ásamt ársreikningi fyrir árið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning. Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

4. Fundargerð 13. fundar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2604021

Lögð fram fundargerð 13. fundar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps, auk ársreiknings fyrir árið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning. Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

5. Fundargerð 14. fundar Húsakynna bs. - 2604020

Lögð fram fundargerð 14. fundar Húsakynna bs., ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning. Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

6. Fundargerð 90. fundar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2604019

Lögð fram fundargerð 90. fundar Brunavarna Rangárvallasýslu bs., ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning. Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

7. Fundargerð 255. fundar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2604014

Lögð fram fundargerð 255. fundar fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the letters "HAT", "KAT", and "57".

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning.
Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*

8. Fundargerð 38. fundar Tónlistarskóla Rangæinga bs - 2604017

Lögð fram fundargerð 38. fundar Tónlistarskóla Rangæing bs. ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning.
Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*

9. Fundargerð 10.fundar Héraðsnefndar Rangæinga - 2604018

Lögð fram fundargerð 18. fundar Héraðsnefndar Rangæinga, ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning.
Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*

10. Fundargerð 99. fundar Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. - 2604022

Lögð fram fundargerð 99. fundar Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning.
Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*

11. Fundargerð aðalfundar Skógarsafns, 27. mars 2026 - 2604016

Lögð fram Fundargerð aðalfundar Skógarsafns frá. 27. mars 2026 ásamt ársskýrslu og ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning.
Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*

12. Fundargerð 135. fundar stjórnar UTU - 2604028

Lögð fram fundargerð 135. fundar stjórnar UTU ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2025 og minnisblaði.

*Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti fram lagðan ársreikning.
Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*

13. Fundargerð 92. stjórnar Bergrisans bs. - 2604015

Lögð fram fundargerð 92. fundar stjórnar Bergrisans bs., ásamt ársreikningi fyrir árið 2025.

*Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti framlagðan ársreikning.
Fundargerð til kynningar.*

14. Fundargerð 134. fundar stjórnar UTU - 2604027

Lögð fram fundargerð 134. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

15. Ársreikningur Ásahrepps 2025, síðari umræða - 2604025

Lagður fram ársreikningur Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2025 ásamt sundurliðunarbók og

endurskoðunarskýrslu. Helstu kennitölur samstæðureiknings eru eftirfarandi í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR:

Rekstrartekjur: 750.857
Rekstrargjöld: -571.406
Afskriftir: -23.870
Fjármagnstekjur umfram gjöld: 14.800
Rekstrarniðurstaða jákvæð: 170.381

EFNAHAGSREIKNINGUR:

Fastafjármunir: 522.846
Veltufjármunir: 637.106
Eignir samtals: 1.159.952

Eigið fé: 959.277
Skuldbindingar: 7.634
Langtímaskuldir: 76.442
Skammtímaskuldir: 116.599
Eigið fé og skuldir samtals: 1.159.952

Handbært fé í árslok: 527.019
Veltufjárhlutfall: 5,46
Eiginfjárhlutfall: 82,7%
Skuldahlutfall: 26,7%
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður: 392.786

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi ársreikning og staðfestir hann með áritun sinni.

16. Viljayfirlýsing vegna Sæmundarstofu - 2604023

Lagt fram erindi frá Oddafélaginu um stofnun Sæmundarstofu.
Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um stofnun Sæmundarstofu sjálfseignastofnunar (SES) í Odda milli Oddafélagsins og sveitarfélaganna í Rangárþingi.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að undirrita viljayfirlýsingu fyrir hönd Ásahrepps.

17. Ný heimasíða fyrir Ásahrepp - 2408024

Heimasíða Ásahrepps hefur verið í undirbúningi og styttist í að hún verði tilbúin til notkunar.
Taka þarf ákvörðun um lokayfirferð og gangsetningu hennar.

Hreppsnefnd Ásahrepps lýsir ánægju sinni með nýja heimasíðu og heimilar að hún fari í loftið í næstu viku.

Fundi slitið kl. 09:15.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HGH", "KTH", "JF", "HI", and "324".

Ísleifur Jónasson

Ísleifur Jónasson

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Guðmundur Einarsson

Guðmundur Einarsson

Nanna Jónsdóttir

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson